

Nr. 103 / 11 *Mardís SU 64****Vélarvana og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1802
IMO nr. 0
Smíðaður: Rönnang Sviðþjóð 1987
Stærð: 5,4 brl. 6,5 bt.
Mesta lengd: 8,68 m Skráð lengd: 8,53 m
Breidd: 2,9 m Dýpt: 1,06 m
Vél: Volvo Penta 117 kW 1997
Fjöldi skipverja: 1



Mardís©Ingibjörg Evbórsdóttir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. ágúst 2011 var Mardís SU 64 á útleið frá Stöðvarfirði. Veður: Logn.

Þegar komið var rúmar sjö sml. SA af Kambanesi varð skipstjóri var við högg frá skut og því samfara mikill titringur og hávaði. Hann sló þegar af og kúplaði frá skúfu og hætti þá titringurinn.

Hann hafði samband við björgunarsveitina Geisla á Fáskrúðsfirði og bað um að vera dregin til hafnar og kom björgunarbáturinn Hafdís og dró Mardísi til Fáskrúðsfjarðar. Við upptöku bátsins kom í ljós að eitt blað af þremur hafði brotnað af inn við skrúfuhaus.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að báturinn hafði verið hífður úr sjó sást að eitt þriggja blaða skrúfunnar var brotið af inn við skrúfuhausinn;
- að sögn eiganda er skrúfan jafngömul vélinni og í brotsárinu eru litabrigði sem benda til þess að eldri sprunga hafi verið í efninu. Skipstjóri minntist þess ekki að hafa orðið var við að eitthvað hafi komið í skrúfuna sem gæti hafa ollið bresti í efninu en sagði að skrúfan vildi stundum taka loft;
- að samkvæmt skoðunarskýrslum hafði ekki sést sprunga í skrúfunni við síðustu lögboðnu skoðun hennar.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.